

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. september 2024 í máli nr. 43/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 14. apríl 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu úr hendi varnaraðila á greiddum kostnaði vegna viðgerðar á leigubifreið að fjárhæð 1.300.000 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili falli frá innheimtu ógreiddrar kröfu að sömu fjárhæð. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 17. apríl 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni 22. apríl 2024. Athugasemdir við andsvör varnaraðila bárust ekki frá sóknaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar og andsvara, afrit af leigusamningi aðila, skilmálar varnaraðila, ljósrit af ökuskríteini sóknaraðila, tjónaskýrsla, reikningur varnaraðila, dags. 2. apríl 2024, yfirlýsing sóknaraðila, dags. 11. apríl 2024, tilboð [...] í varahluti, dags. 2. apríl 2024, tilboð [...] í varahluti og vinnu, dags. 19. apríl 2024, staðfesting á greiðslu sóknaraðila og afrit af tölvupóstum varnaraðila til sóknaraðila.

Með bréfi, dags. 27. september 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...], hjá varnaraðila frá 1. til 11. apríl 2024 og greiddi 127.405 krónur fyrir. Þann 2. apríl 2024 dældi sóknaraðili svokölluðum adblue vökva á bifreiðina í stað bensíns. Að sögn varnaraðila hafi það haft þær afleiðingar að bæði vél bifreiðarinnar og eldsneytiskerfi hennar eyðilögðust. Sama dag krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð 1.300.000 krónur sem sóknaraðili greiddi á staðnum. Með yfirlýsingu, dags. 11. apríl 2024, tók sóknaraðili ábyrgð á því tjóni er varð á bifreiðinni og féllst á að greiða þess auki 1.300.000 krónur innan tveggja vikna til varnaraðila.

Röksemdir sóknaraðila lúta að því að honum þyki ósanngjarnt að honum beri að greiða alls 2.600.000 krónur til varnaraðila vegna tjóns á bifreiðinni enda hafi hún verið nokkuð mikið keyrð. Sóknaraðili kveðst því ekki vilja greiða fyrir nýja vél í hana. Hann hafi þegar greitt varnaraðila 1.300.000 krónur og vísar til þess að varnaraðili hafi lýst því yfir að hann muni halda áfram innheimtu uns sóknaraðili reiði af hendi 1.300.000 krónur til viðbótar. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum hina greiddu fjárhæð og falli frá frekari innheimtu vegna málsins.

Varnaraðili vísar til þess að vél bifreiðarinnar hafi orðið fyrir tjóni þegar sóknaraðili dældi vökvanum adblue í bensíngeymi hennar. Að sögn varnaraðila hafi því þurft að skipta um vél í bifreiðinni og eldsneytiskerfi. Hafi krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila miðað við tilboð í nýja varahluti og vinnu við viðgerð frá umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar. Hafi varnaraðili þó viljað koma til móts við sóknaraðila og því aðeins gert kröfu um greiðslu að fjárhæð alls 2.600.000 krónur vegna tjónsins. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsingu á tjóninu og lofað að greiða varnaraðila framangreinda fjárhæð í tveimur greiðslum. Hafi sóknaraðili þegar greitt helming þeirra fjárhæðar.

IV

Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í reglugerð nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra bifreiða. Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

V

Niðurstaða

Óumdeilt er að þann 2. apríl 2024 sóknaraðili dældi svokölluðum adblue vökva í stað bensíns á bifreið sem hann tók á leigu hjá varnaraðila á tímabilinu 1. til 11. apríl 2024 en aðila greinir á um ábyrgð á greiðslu viðgerðarkostnaðar. Þann sama dag greiddi sóknaraðili varnaraðila 1.300.000 krónur vegna þess tjóns sem varnaraðili kveður að hafi orðið á vél og eldsneytiskerfi bifreiðarinnar vegna mistaka sóknaraðila við dælinguna. Þann 11. apríl 2024 undirritaði sóknaraðili ábyrgðaryfirlýsingu á tjóninu þar sem m.a. kemur fram að hann taki fulla ábyrgð á tjóni varnaraðila og að hann fallist á að greiða varnaraðila að auki 1.300.000 krónur innan tveggja vikna frá undirrituninni. Sóknaraðili telur ósanngjarnt að hann þurfi að bera kostnað af kaupum á nýrri vél í bifreiðina og krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér 1.300.000 krónur og falli frá frekari innheimtu vegna málsins. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hefur lagt fram tilboð umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar, dags. 2. apríl 2024 í kaup á varahlutum vegna viðgerðar á bifreiðinni og nam tilboðið 3.663.525 krónum að meðtöldum virðisaukaskatti. Samkvæmt framlögðum reikningi varnaraðila til sóknaraðila, dags. 2. apríl 2024, var kostnaður við viðgerð og kaup á varahlutum metinn að fjárhæð 4.167.525 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá

liggur jafnframt fyrir tilboð umboðsaðila í viðgerð og varahluti, dags. 19. apríl 2024, alls að fjárhæð 4.283.168 krónur.

Í gögnum málsins er að finna afrit af samningi aðila um leigu á bifreiðinni. Af honum má ráða að sóknaraðili keypti aukatryggingu af varnaraðila, svokallaða „Gold Insurance Plan“. Í p. lið 24. greinar almennra skilmála varnaraðila er tiltekið að engin trygging nái þó til tjóns sem rekja megi til: „*pumping the wrong fuel into the car*“. Ekki er að finna nánari upplýsingar í skilmálunum um uppgjör vegna tjóns eða hvernig fjárhæð rauntjóns skuli metið.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón sitt og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni á meðan sóknaraðili hafði umráð hennar. Ágreiningslaust er að sóknaraðili dældi vökvanum adblue á bifreiðina í stað bensíns og olli þannig tjóni á henni. Stendur þá eftir hvort ráða megi með vissu af gögnum málsins hvert raunverulegt fjártjón varnaraðila er vegna skemmda á bifreiðinni.

Í máli þessu liggur hvorki fyrir tjónamat fagaðila á bifreiðinni né bilanagreining. Af skriflegum samskiptum aðila verður ráðið að bifreiðaverkstæði í [...] hafi skoðað bifreiðina strax í kjölfar mistaka sóknaraðila. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir því við varnaraðila að hann myndi leggja fram bilanagreiningu viðkomandi bifreiðaverkstæðis. Þá óskaði kærunefndin eftir upplýsingum og gögnum sem varpað ljósi á raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila vegna viðgerðar á bifreiðinni. Var sérstaklega óskað eftir staðfestingu varnaraðila á greiðslu kostnaðar vegna viðgerðar bifreiðarinnar auk upplýsinga um hvort varnaraðili hefði fengið tjón sitt bætt frá váttryggingarfélagi sínu og ef svo væri, hvort tjónið hafi verið bætt í heild eða að hluta til. Í svari varnaraðila, sem barst kærunefndinni með tölvupósti, dags. 17. september 2024, segir eftirfarandi: „*Nei, því miður erum við ekki með bilanagreiningu frá þeim og hann fann það ekki á skrá hjá sér. Eða þeir fundu ekkert um málið því að [...] hefur staðgreitt hjá þeim og það er ekki mikið um það að fá bilanagreiningar frá verkstæðum út á landi nema þá stundum gera þeir eina línu í reikningnum sem þeir senda til okkar. Ég talaði við verkstæðisformanninn okkar um málið og við gerðum heldur enga skýrslu sem slíka. Við áttum til alla varahluti á lager til að laga [...]. Við áttum til tjónabíl sem var partaður og varahlutirnir voru notaðir í að laga [...] og því var tilboðið látið duga til að gefa verðhugmynd af verkinu....Við erum ekki með tryggingar fyrir þessu og fengum því ekkert greitt frá tryggingunum.*“

Að mati kærunefndarinnar dugar tilboð umboðsaðila bílaframleiðanda í viðgerð og varahluti fyrir bifreiðina ekki eitt og sér til þess að sýna fram á að hvaða marki sóknaraðili hafi valdið varnaraðila fjárhagslegu tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi. Þá verður að líta til þess að varnaraðili hefur upplýst kærunefndina um að allir varahlutir sem nota þurfti til viðgerðar á bifreiðinni hafi þegar verið til á lager hjá varnaraðila auk þess sem partar úr annarri skemmdri bifreið varnaraðila hafi verið nýttir til viðgerðarinnar. Þá hafi viðgerðin sjálf verið framkvæmd á verkstæði varnaraðila og engin skráning sé til staðar um hana. Í ljósi framangreinds verður því ekki unnt að leggja framangreint tilboð þriðja aðila til grundvallar enda liggur skýrt fyrir að varnaraðili festi hvorki kaup á viðgerðarþjónustu viðkomandi né varahlutum í þágu viðgerðar. Þá hefur varnaraðili ekki lagt fram nein gögn sem styðja að viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni. Hafi sú viðgerð sannanlega farið fram liggur þess auki ekkert annað fyrir hjá kærunefndinni sem sýnir fram á raunverulegt fjártjón

varnaraðila, sem rakið verður til sóknaraðila. Skilmálar samnings aðila, þar sem fram kemur að tryggingar nái ekki til tjóns sem rakið verður til þess að leigutaki dæli röngu eldsneyti á leigubifreið, hafa ekki áhrif á þá grundvallarskyldu varnaraðila að sýna fram á umfang þess fjárhagslega tjóns sem hann varð fyrir til þess að krefjast skaðabóta af þeim sökum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu úr hendi varnaraðila að fjárhæð 1.300.000 krónur. Þá er viðurkennt að sóknaraðila sé óskilt að greiða varnaraðila aðra kröfu að fjárhæð 1.300.000 krónur. Ekki verður tekin afstaða til þeirrar fjárhæðar sem sóknaraðila ber að greiða varnaraðila vegna tjónsins enda hvílir sönnunarbyrði þess efnis á varnaraðila.

VI

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 1.300.000 krónur. Þá er viðurkennt að sóknaraðila er óskilt að greiða kröfu varnaraðila að fjárhæð 1.300.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson